

VS Sviðslistir 6. bekkur

Kennarar: Sara Gísladóttir

6

Lýsing

Kennsla í sviðslistum.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Kennslan felur í sér fjölbreytt verkefni í sviðslistum þar sem unnið er með söng, hljóðfæri, leikræna tjáningu, texta og sköpun. Áhersla er á samvinnu, túlkun og að nemendur fái að vinna að eigin hugmyndum í skapandi ferli.

Námsaðlögun

Verkefni eru mismunandi flókin eftir getu nemenda. Sum verkefni eru einföld og stutt, önnur flóknari og krefjast sjálfstæðrar vinnu. Nemendur með sérþarfir fá stuðning með hlutverkaskiptingu, stuðningskorta eða einfaldari útgáfur verkefna.

Námsmat

Matið er byggt á leiðsagnarmati þar sem ferlið, samvinna og frumleiki skipta mestu. Áhersla er á ábyrgð, tjáningu og framlag í hópavinnu.

VS Sviðslistir miðstig

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Sviðslistir miðstig - Dans

- Beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu sjálfum sér til ánægju.
- Rætt um dans út frá persónulegri upplifun.
- Dansað grunnspor í paradönsum og einföldum þjóðdönsum.

VS Sviðslistir miðstig - Leiklist

- Nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar.
- Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur.
- Beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum).
- Nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.
- Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsbeitingu.
- Sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði.
- Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína.
- Sýnt fram á tækni á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu.
- Rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag.

VS Tónmennt fyrir miðstig - Tónmennt

- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra.
- Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman hljóð- eða tónverk.

VS Tónmennt fyrir miðstig

- Geti tekið þátt í samsöng með öðrum og syngi fjölbreytt lög.
- Hafi kynnst því að semja og búa til tónlist í gegnum spjaldtölvur.
- Hafi kynnst forritun/öppum sem nýtast við tónlistarsköpun og upptökur.